

REGLUGERÐ

um greiðslupátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Í reglugerð þessari er kveðið á um þau gjöld sem sjúkratryggðir skulu greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er á heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og Heyrnar- og talmeinastöð og fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er hjá sjálfstætt starfandi læknum, sjúkraþjálfurum, iðjuþjálfum, talmeinafræðingum og sálfræðingum sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samið við skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Enn fremur er í reglugerðinni kveðið á um þau gjöld sem sjúkratryggðir skulu greiða fyrir meðferð húðsjúkdóma sem veitt er af öðrum heilbrigðisstarfsmönnum en læknum samkvæmt samningum. Loks er kveðið á um gjald fyrir sjúkraflutninga.

Þjónustuveitendum, sbr. 1. mgr., er óheimilt að innheimta hærri eða önnur gjöld af sjúkratryggðum en kveðið er á um í reglugerð þessari og fylgiskjali með henni.

Sjúkratryggingar Íslands skulu kynna almenningi efni þessarar reglugerðar.

2. gr.

Hverjir eru sjúkratryggðir.

Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkratryggingar nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fösturbörn. Að öðru leyti gilda 10.-16. gr. laga um sjúkratryggingar um það hverjir teljast sjúkratryggðir hér á landi.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur telst sjúkratryggður.

II. KAFLI

Greiðslur sjúkratryggðs og afsláttarstofn.

3. gr.

Hámarksgreiðsla sjúkratryggðra.

Hámarksgreiðsla sjúkratryggðs almennt í almanaksmánuði fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari er 35.824 kr. Fari heildarkostnaður sjúkratryggðs í almanaksmánuði yfir þá fjárhæð greiða sjúkratryggingar, þ.e. Sjúkratryggingar Íslands eða viðkomandi heilbrigðisstofnun, það sem umfram er, sbr. þó 4. gr.

Hámarksgreiðsla aldraðra, öryrkja, barna og barna með umönnunarmat í almanaksmánuði fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari, er 23.884 kr. Fari heildarkostnaður í almanaksmánuði yfir þá fjárhæð greiða sjúkratryggingar, þ.e. Sjúkratryggingar Íslands eða viðkomandi heilbrigðisstofnun, það sem umfram er, sbr. þó 4. gr.

Börn með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Þjóðskrár Íslands skulu teljast einn einstaklingur. Hámarksgreiðsla barna í sömu fjölskyldu, almennt í almanaksmánuði fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari, er 23.884 kr. Fari heildarkostnaður í almanaksmánuði yfir þá fjárhæð greiða Sjúkratryggingar Íslands eða viðkomandi heilbrigðisstofnun það sem umfram er, sbr. þó 4 gr.

Til að sjúkratryggðir njóti réttinda samkvæmt þessari grein ber veitanda heilbrigðisþjónustu að skila reikningsupplýsingum til Sjúkratrygginga Íslands á því formi sem stofnunin ákveður.

4. gr.

Afsláttarstofn og greiðslur sjúkratryggðs fyrir heilbrigðisþjónustu.

Greiðslur sjúkratryggðs fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari mynda afsláttarstofn. Afsláttarstofn er nýttur við ákvörðun á greiðslum sjúkratryggðs við kaup á heilbrigðisþjónustu. Afsláttarstofn verður aldrei hærri en hámarksgreiðsla sjúkratryggðs í almanaksmánuði, sbr. 3. gr. Afsláttarstofn flyst á milli mánaða að fráðregnum 1/6 hluta af hámarksgreiðslu um hver mánaðamót, óháð greiðslum sjúkratryggðs.

Við ákvörðun greiðslupátttöku sjúkratryggðs vegna heilbrigðisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari skal leggja saman afsláttarstofn og greiðslur sjúkratryggðs við kaup á heilbrigðisþjónustu. Séu samanlagðar greiðslur lægri en hámarksgreiðsla, sbr. 3. gr., greiðir sjúkratryggður kostnaðinn allt að hámarksgreiðslu. Kostnaður umfram hámarksgreiðslu sjúkratryggðs greiðist af Sjúkratryggingum Íslands, ef um er að ræða þjónustu sem þær taka þátt í að greiða, annars af viðkomandi heilbrigðisstofnun.

5. gr.

Greiðslur sem falla ekki í afsláttarstofn.

Eftirfarandi greiðslur falla ekki í afsláttarstofn skv. 4. gr.:

1. Greiðslur skv. 11. gr. vegna þjónustu í heilsugæslu með þar tilgreindum undantekningum.
2. Greiðslur skv. 11. mgr. 12. gr. vegna kostnaðar við dagvist aldraðra.
3. Greiðslur skv. 13. gr. vegna endurtengingar eggjaleiðara eða sáðrásar eftir ófrjósemisaðgerð.
4. Greiðslur skv. 14. gr. vegna læknisvottorða.
5. Greiðslur skv. 2. og 4. tölul. 1. mgr. 15. gr. vegna komu til sérfræðings í augnlækningum og komu á göngudeild til sérfræðings í háls-, nef og eyrnalækningum í nánar tilgreindum tilvikum.
6. Greiðslur skv. 28. gr. vegna sálfræðiþjónustu fullorðinna.
7. Greiðslur skv. 33. gr. vegna sjúkraflutninga.

III. KAFLI

Orðskýringar. Fagleg samskipti heilbrigðisstarfsmanna.

6. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

Aldraður: Sjúkratryggður einstaklingur 67 ára og eldri og sjómaður 60 ára og eldri sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, sbr. 17. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Börn: Sjúkratryggðir einstaklingar yngri en 18 ára.

Börn með umönnunarmat: Sjúkratryggð börn og ungmenni á aldrinum 18 og 19 ára sem eru með umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.

Sjúkratryggðir almennt: Sjúkratryggðir einstaklingar aðrir en aldraðir, öryrkjar, börn og börn með umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins.

Öryrki: Sjúkratryggður einstaklingur sem hefur verið metinn til a.m.k. 75% örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. 24. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Einstaklingar með endurhæfingarlífeyri njóta sömu réttinda og öryrkjar samkvæmt reglugerð þessari.

Umsamið heildarverð: Gjald sem samið hefur verið um í samningum Sjúkratrygginga Íslands við veitendur heilbrigðisþjónustu, skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Ákveðið heildarverð: Gjald vegna sérfræðiþjónustu á göngu- og dagdeildum sjúkrahúsa sem ýmist fer eftir samningum, sbr. 6. tölul., eða gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands skv. 38. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, séu samningar ekki fyrir hendi

7. gr.

Fagleg samskipti heimilislækna, heilsugæslulækna og sérgreinalækna.

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heimilislækna, heilsugæslulækna og sérgreinalækna er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heimilis- eða heilsugæslulækni.

Sjúklingur sem kemur til sérgreinalæknis fyrir milligöngu heimilis- eða heilsugæslulæknis skal hafa fengið tilvísun frá heimilis- eða heilsugæslulækni. Sérgreinalæknirinn skal ávallt senda læknabréf til heimilis- eða heilsugæslulæknis sjúklings, sbr. þó 4. mgr.

Komi sjúklingur til sérgreinalæknis án milligöngu heimilis- eða heilsugæslulæknis skal sérgreinalæknir ávallt senda heilsugæslu- eða heimilislækni sjúklingsins læknaþrá. Komi sjúklingur til sérgreinalæknis fyrir milligöngu annars sérgreinalæknis skal síðari sérgreinalæknirinn ávallt senda læknaþrá til heimilis- eða heilsugæslulæknis sjúklingsins og þess sérgreinalæknis sem hafði milligöngu um samskiptin, sbr. þó 4. mgr.

Sjúklingi er heimilt að óska þess við lækni að hann sendi ekki upplýsingar honum viðkomandi til annarra lækna. Þess skal þá getið í sjúkraskrá. Lækni er og skylt að útskýra fyrir sjúklingi ábyrgð þá sem þessu fylgir fyrir sjúklinginn sjálfan og þær mögulegu afleiðingar að tilvísun fái ekki útgefin.

IV. KAFLI

Heilsugæsla.

8. gr.

Komugjöld á dagvinnutíma.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

- Sjúkratryggðir almennt á heilsugæslustöð, 500 kr.
- Aldraðir og öryrkjar greiða ekkert gjald.
- Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur sem tengjast meðgönguvernd þar sem þungun hefur verið staðfest og komur í allt að fjórar vikur eftir fæðingu.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur vegna heilsuverndar barna, heilsugæsla í skólum og unglingamóttaka í heilsugæslu sem veitir ráðgjöf og fræðslu um forvarnir.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur sem eru eingöngu vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum en greiða þarf gjald fyrir legstrok vegna krabbameinsleitar, sjúkratryggðir almennt greiða 500 kr. Aldraðir og öryrkjar greiða ekkert gjald.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur eingöngu vegna árstíðabundinna influensubólusetninga.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur til geðheilsuteyma heilsugæslustöðva og Heilaörvunarstöð.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

9. gr.

Komugjöld utan dagvinnutíma.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma, þ.e. milli kl. 16.00 og 08.00 á virkum dögum, um helgar og helgidögum, skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

- Sjúkratryggðir almennt, 3.100 kr.
- Aldraðir og öryrkjar greiða ekkert gjald.
- Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna læknisstarfi utan dagvinnutíma skal greitt skv. 8. gr.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

10. gr.

Gjöld vegna vitjana lækna.

Fyrir vitjun læknis á dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 3.400 kr.
2. Aldraðir og öryrkjar greiða ekkert gjald.
3. Börn greiða ekkert gjald.

Fyrir vitjun læknis utan dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 4.500 kr.
2. Aldraðir og öryrkjar greiða ekkert gjald.
3. Börn greiða ekkert gjald.

Með vitjun samkvæmt þessari grein er átt við þjónustu læknis utan heilsugæslustöðvar eða starfsstöðvar sjálfstætt starfandi læknis.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna vitjun utan dagvinnutíma skal greiða vitjanagjald dagvinnutíma skv. 1. mgr. Vitjanagjald greiðist lækni og dregst frá samningsbundinni þóknun hans fyrir vitjanir.

11. gr.

Gjöld fyrir aðra þjónustu.

Auk komugjalda skv. 8. og 9. gr. skulu sjúkratryggðir greiða gjald fyrir bólusetningar á heilsugæslustöð eða hjá heimilislækni sem starfar utan heilsugæslustöðva miðað við kostnaðarverð/innkaupsverð fyrir hvern skammt bóluefnis. Undanþegnar komugjaldi eru þó komur eingöngu vegna árstíðabundinna influensubólusetninga, sbr. 5. mgr. 8. gr.

Verðskrá skal birt á vefsíðu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og gildir hún fyrir allar heilsugæslustöðvar og heimilislækna. Þó er bóluefni við árstíðabundinni influensu að kostnaðarlausu þeim sem eru í sérstökum áhættuhópum og sóttvarnalæknir tilgreinir. Gjöldin skulu einnig greidd í heimahjúkrun.

Ekkert gjald er greitt fyrir heilsuvernd barna og heilsugæslu í skólum, sbr. 2. mgr. 8. gr. Í heilsuvernd barna er ekki greitt gjald fyrir bólusetningar, sem sóttvarnalæknir skipuleggur og birtar eru í viðauka með reglugerð um bólusetningar á Íslandi, við influensu, rótaveiru, stífkrampa, mænusótt, rauðum hundum og MMR (mislingar + hettusótt + rauðir hundar), barnaveiki, kíghósta, H. influenzae b sjúkdómi, mislingum, hettusótt, meningókokkasjúkdómi C, pneumókokkasjúkdómi, hlaupabólu og HPV sýkingum.

Auk komugjalda skv. 8. og 9. gr. skulu sjúkratryggðir, aðrir en börn og börn með umönnunarmat, greiða gjald fyrir aðra þjónustu en um getur í 1. mgr. sem hér segir:

1. Þungunarpróf, 904 kr.
2. Streptokokkarannsóknir, 650 kr.
3. Lyfjaleit í þvagi, 904 kr.
4. CRP (C-reaktíft prótein), 1.185 kr.
5. HbA1c (glýkósýlerað hemóglóbín), 1.695 kr.
6. Berklapróf (Mantoux), kostnaðarverð/innkaupsverð.
7. Lykkja (T), 4.777 kr.
8. Hormónalykkja, kostnaðarverð/innkaupsverð. Ofnæmispróf (prick húðpróf), kostnaðarverð/innkaupsverð.
9. Pokar vegna blóðaftöppunar, 1.468 kr.
10. Afnot af rannsóknatæki fyrir kæfisvefn, 7.043 kr.
11. Leigugjald fyrir afnot af blóðþrýstingsmæli í 24 stundir, 7.043 kr.
12. ADHD greining fullorðinna, 28.235 kr.
13. Fyrir námskeið á vegum heilsugæslustöðva:
 - a. Heilsueflandi námskeið varðandi lífstíl og áhættuþætti heilsu, tengd sjúkdómum s.s. sykursýki, offitu og geðheilbrigði og tengd ákveðnum æviskeiðum, s.s. breytingskeiði og öldrun. Skal greitt fyrir námskeið sem er eitt skipti samtals 5.195 kr, tvö til þrjú skipti samtals 10.390 kr., fjögur til sex skipti samtals 16.624 kr. og sjö til tíu skipti samtals 22.858 kr.
 - b. Námskeið vegna meðgönguverndar, fyrir foreldra og heilsuvernd barna er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar.

V. KAFLI
Sjúkrahús.

12. gr.

Komugjöld.

Sjúkratryggðir greiða ekkert gjald fyrir legu á sjúkrahúsum sem rekin eru af ríkinu eða samkvæmt samningum. Legan skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálpi, lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir. Með legu er átt við samfellda dvöl sjúkratryggðs á sjúkrahúsi, á legudeild eða í undantekningartilvikum bráðamóttökudeild þegar ekki er unnt að innrita sjúkratryggðan á legudeild, í sólarhring, þ.e. 24 klukkustundir eða lengur, vegna sjúkdómsástands/meðferðar sem krefst almennt innlagnar á legudeild.

Ef sjúkratryggður, sem skráður er í legu á sjúkrahúsi, leitar heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahússins, þar sem ekki er unnt að veita honum þjónustuna á sjúkrahúsinu, greiðir hann gjald í samræmi við önnur ákvæði reglugerðar þessarar.

Fyrir komu og endurkomu á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 8.909 kr.
2. Aldraðir og öryrkjar, 5.852 kr.
3. Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Fyrir komu og endurkomu á dag- eða göngudeild sjúkrahúsa vegna þjónustu annarra en sérgreinalækna skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 4.920 kr.
2. Aldraðir og öryrkjar, 3.191 kr.
3. Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Sjúkratryggðir sem koma oftar en einu sinni á sólarhring vegna sama vandamáls skulu einungis greiða fyrir eina komu á sólarhring, þ.e. á 24 klukkustundum.

Sjúkratryggðir skulu, þrátt fyrir 4. mgr., taka þátt í kostnaði við iðjuþjálfun, sjúkrahjálfun og talþjálfun á sjúkrahúsum á sama hátt og þeir sem leita til þjálfara sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. 22. gr. Skiptafjöldi í viðurkenndri iðjuþjálfun, sjúkrahjálfun og talþjálfun, sem veitt er á göngudeildum sjúkrahúsa, telst ekki til meðferðarskipta skv. 20. gr.

Sjúkratryggðir skulu, þrátt fyrir 4. mgr., taka þátt í kostnaði við meðferð húðsjúkdóma, sem veitt er á sjúkrahúsi af öðrum en læknum, á sama hátt og þeir sem leita til meðferðaraðila sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. 24. gr.

Sjúkratryggðir ~~almennt skulu~~ greiða 500 kr. fyrir mynd röntgenmyndatöku af brjóstum (e. mammography) vegna krabbameinsleitar. Aldraðir og öryrkjar greiða ekkert gjald.

Sjúkratryggðir almennt skulu greiða 34.707 kr. fyrir keiluskurðaðgerðir, sbr. þó 3. gr. Aldraðir og öryrkjar greiða 2/3 af því sem sjúkratryggðir almennt greiða, sbr. 3. gr.

Sjúkratryggðir almennt skulu greiða 34.707 kr. fyrir kransæða- og hjartaþræðingu, sbr. þó 3. gr. Aldraðir og öryrkjar skulu greiða 2/3 af því sem sjúkratryggðir almennt greiða fyrir kransæða- og hjartaþræðingu, sbr. 3. gr. Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Aldraðir sem njóta þjónustu dagvistar í tengslum við sjúkrahús skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni skv. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Gjöld fyrir þjónustu skv. VIII. kafla greiðast til viðbótar við komugjöld skv. 3. mgr. Þó skulu komugjald og gjöld skv. VIII. kafla takmarkast við hámarksgjald í almanaksmánuði, sbr. 3. gr.

Gjöld samkvæmt þessari grein skulu renna til reksturs sjúkrahúss.

13. gr.

Gjald fyrir endurtengingu eggjaleiðara eða sáðrásar eftir ófrjósemisaðgerð.

Fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð skal sjúkratryggður greiða 347.860 kr. Fyrir endurtengingu sáðrásar eftir ófrjósemisaðgerð skal sjúkratryggður greiða 415.410 kr.

Gjald samkvæmt þessari grein rennur til reksturs sjúkrahúss.

VI. KAFLI

Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu í heilsugæslu, hjá heimilislæknum og á sjúkrahúsum.

14. gr.

Gjöld fyrir vottorð í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.

Fyrir læknisvottorð á formi Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyristrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar og á formi Sjúkratrygginga Íslands vegna sjúkratrygginga eða slysatrygginga skulu sjúkratryggðir og/ eða umboðsmenn þeirra greiða sem hér segir:

- Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötlud og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
- Fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga, 863 kr.
- Fyrir vottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð vegna slyss) hvort heldur sem beiðni kemur frá sjúkratryggðum sjálfum eða umboðsmanni hans, vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (uppbót vegna reksturs bifreiðar), vegna umsóknar um styrk og uppbót til kaupa á bifreið fyrir fatlað fólk, vegna heimahjúkrunar, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna meðferðar sjúklings erlendis, vegna sjúkradagpeningavottorðs eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands, 1.861 kr.

Fyrir önnur vottorð en tilgreind eru í 1. mgr. skal innheimta gjöld sem hér segir:

- Ekkert gjald fyrir vottorð vegna andláts (dánarvottorð).
- Ekkert gjald fyrir starfshæfnivottorð sem staðfestir heilsufar.
- Fyrir vottorð um fjarvistir nemenda úr skólum, 2.405 kr.
- Fyrir vottorð vegna sjúkranuðs, 1.861 kr.
- Fyrir vottorð um fjarvistir til atvinnurekenda, ónæmisaðgerðir og alþjóðaónæmisskírteini, heilsufar nemenda til skóla, leikskóla og sumarbúða, vottorð um heilsufar einstaklinga til félagsþjónustunnar og annarra stofnana, vottorð um undanþágu til bílbeltanotkunar, vottorð vegna veitingar ökuleyfis og endurgreiðslu ferðakostnaðar, svo sem ferðarofs, vottorð til skattyfirvalda og vottorð um heilsufar kjörforeldra, stuðningsforeldra og fósturforeldra 2.405 kr.
- Fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, án greinargerðar, 1.861 kr.
- Fyrir vottorð vegna umsókna um örorkubætur til lífeyrissjóða, fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðar skal miða við hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða 6.250 kr. fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.
- Fyrir vottorð vegna byssuleyfis, skóla og sumarbúða erlendis og um heilsufar eða vinnufærni vegna umhverfis eða atvinnu, þ.m.t. vegna atvinnuréttinda (meiraprófs), 7.446 kr.
- Fyrir hvers kyns önnur vottorð en nefnd eru í 1. til 3. tölul. 1. mgr. og 1. til 8. tölul. 2. mgr. s.s. til lögmanna og tryggingafélaga, lögreglu og sýslumanna, auk ítarlegra vottorða um heilsufar einstaklings vegna beiðni þriðja aðila (skóla, atvinnurekanda, sjómannavottorð) skal að lágmarki greitt fyrir klukkutímavinnu lækni, 16.954 kr. og síðan 5.651 kr. til viðbótar fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.
- Fyrir vottorð um niðurstöður úr Covid sýnatökum, 7.799 kr.
- Vottorð um starfshæfni og fyrir staðfestingu á heilsufari til Virk, 2.228 kr.

Gjöld fyrir vottorð samkvæmt þessari grein skulu renna til viðkomandi stofnunar.

VII. KAFLI

Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu utan sjúkrahúsa og á göngudeildum og dagdeildum sjúkrahúsa.

15. gr.

Gjöld vegna myndsamtala.

Myndsamtal felur í sér rauntímasamskipti heilbrigðisstarfsmanns og notanda í gegnum öruggan tæknibúnað sem uppfyllir fyrirmæli embættis landlæknis um upplýsingaöryggi við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu.

Fyrir myndsamtal sjúkratryggðs við sérgreinalækni sem heilbrigðisstofnun býður upp á í stað komu á dag- eða göngudeild sjúkrahúsa skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

- Sjúkratryggðir almennt, 9.087 kr.
- Aldraðir og öryrkjar, 5.969 kr.

3. Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Fyrir myndsamtal sjúkratryggðs við heilbrigðisstarfsmann sbr. 2. mgr. í stað komu á dag- eða göngudeild sjúkrahúsa vegna þjónustu annarra en sérgreinalækna skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 5.018 kr.

2. Aldraðir og öryrkjar, 3.254 kr.

3. Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Sjúkratryggður sem þarf oftast en einu sinni á sólarhring vegna sama vandamáls að hafa samskipti við heilbrigðisstarfsmenn með þeim hætti er greinir í 2. og 3. mgr. skulu einungis greiða fyrir eitt myndsamtal á sólarhring, þ.e. á 24 klukkustundum.

Gjöld samkvæmt þessari grein skulu renna til reksturs sjúkrahúss.

16. gr.

Gjöld fyrir sérgreinalæknishjálp.

Fyrir hverja komu til sérgreinalækni utan sjúkrahúsa og á göngudeild eða dagdeild sjúkrahúsa, sbr. þó 13. gr., skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 90% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði fyrir komuna, sbr. þó 3. gr.

2. Fyrir komu til sérfræðings í augnlækningum til sjónmælingar vegna sjónlagsgalla greiða sjúkratryggðir almennt umsamið eða ákveðið heildarverð. Greiðslur samkvæmt þessari málsgrein falla ekki í afsláttarstofn, sbr. 5. gr.

3. Stafi sjónlagsgallinn, eða notkun gleraugna, af slysi eða sjúkdómi falla greiðslur þó í afsláttarstofn, sbr. 4. gr.

4. Fyrir komu á göngudeild til sérfræðings í háls-, nef- og eyrnalækningum vegna sérhæfðrar skoðunar til öflunar flugréttinda eða viðhalds þeirra greiða sjúkratryggðir umsamið eða ákveðið heildarverð. Greiðslur samkvæmt þessari málsgrein falla ekki í afsláttarstofn, sbr. 5. gr.

5. Aldraðir og öryrkjar, 2/3 af því sem sjúkratryggðir greiða almennt fyrir komuna, sbr. þó 3. gr.

6. Börn á aldrinum tveggja ára til og með 17 ára með tilvísun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 313/2017, um tilvísanir fyrir börn, greiða ekkert gjald, annars 1/3 af því sem sjúkratryggðir greiða almennt fyrir komuna, sbr. þó 3. gr. Ef koma til sérfræðings á göngudeild eða dagdeild sjúkrahúsa er í beinu framhaldi af komu á slysadeild eða bráðamóttöku sjúkrahúsa skal þó ekki greiða gjald. Börn á aldrinum tveggja ára til og með 17 ára greiða ekkert gjald fyrir bráða- og vaktþjónustu sérfræðinga í barnalækningum og þjónustu sérfræðinga í augnlækningum og kvensjúkdómalækningum.

7. Börn yngri en tveggja ára og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Fyrir kostnað vegna einnota áhalda og efna, sem notuð eru vegna aðgerða utan sjúkrahúsa hjá sérfræðingum í skurðlækningum og svæfingum, greiða sjúkratryggðir ekkert gjald.

Fyrir rafræn samskipti (símtöl og tölvupóst) við sérgreinalækni greiða sjúkratryggðir umsamið heildarverð að fullu enda séu meira en þrír mánuðir liðnir frá komu til sérgreinalækni.

Með komu til sérgreinalækni á göngudeild eða dagdeild sjúkrahúsa skv. 1. mgr. er átt við ferliverk, þ.e. lækni meðferð sem unnt er að veita hvort sem er á læknaðstofum utan sjúkrahúsa eða á sjúkrahúsum og krefst ekki innlagnar á legudeild nema í undantekningartilvikum. Sjúkratryggður greiðir gjald, sbr. 1. mgr., og gildir þá einu þótt næturdvöl kunni að reynast nauðsynleg í einstökum tilvikum enda fari dvölin ekki yfir 24 klukkustundir. Sjúkratryggðir greiða fyrir þjónustu svæfingalækni á sjúkrahúsi vegna aðgerðar þar hjá sjálfstætt starfandi tannlækni, sama hlutfall og vegna tannlækninganna, sbr. reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar. Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald. Óheimilt er að krefja sjúkratryggðan annarra gjalda vegna aðgerðarinnar.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur á göngudeild eða dagdeild sjúkrahúsa sem tengjast meðgönguvernd þar sem þungun hefur verið staðfest og komur í allt að fjórar vikur eftir fæðingu.

Gjöld vegna þjónustu á göngudeild eða dagdeild sjúkrahúsa skulu renna til reksturs viðkomandi sjúkrahúss.

VIII. KAFLI

Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu í heilsugæslu, á sjúkrahúsum og utan sjúkrahúsa.

17. gr.

Gjöld fyrir rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttmælingar.

Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknarstofu og vegna rannsóknar á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknarstofu, sbr. þó 13. gr., skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

- Sjúkratryggðir almennt, 3.591 kr.
- Aldraðir og öryrkjar, 2.393 kr.
- Börn greiða ekkert gjald.

Fyrir hverja komu til geisla- og myndgreiningar og beinþéttmælingar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

- Sjúkratryggðir almennt, 90% af umsömdu heildarverði eða verði samkvæmt fylgiskjali 1., sbr. þó 3. gr.
- Aldraðir og öryrkjar 2/3 af því sem sjúkratryggðir almennt greiða, sbr. þó 3. gr.
- Börn greiða ekkert gjald.

Gjöld vegna þjónustu á heilsugæslustöð og á sjúkrahúsum skulu renna til reksturs stofnananna.

IX. KAFLI

Þjálfun.

18. gr.

Þjálfun.

Þjálfun sem telst læknisfræðilega nauðsynleg og samið hefur verið um fellur undir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Þjálfun er nauðsynlegur liður í að greina og meðhöndla vandamál sem orsaka skerðingu á færni.
- Þjálfun er nauðsynlegur liður í endurhæfingu eða til að fyrirbyggja frekari færniskerðingu vegna fötlunar, frávika í eðlilegum þroska, langvinnra sjúkdóma eða í kjölfar aðgerða, veikinda og slysa.

19. gr.

Orðskýringar.

Í kafla þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

- Þjálfun: Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun.
- Ár: 365 dagar, talið frá fyrsta meðferðarskipti.

20. gr.

Réttur sjúkratryggðs til þjálfunar.

Forsenda fyrir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands í þjálfun er að fyrir liggi tilvísun frá lækni eða sjúkraþjálfara á heilsugæslustöð eða sjúkrahúsi þar sem fram kemur sjúkdómsgreining. Þó er heimilt að víkja frá þessu skilyrði vegna meðferðar hjá sjúkraþjálfara sem nemur allt að sex skiptum á einu ári.

Sjúkratryggður sem þarf á þjálfun að halda, að mati lækni og þjálfara, sbr. þó undantekningu í 1. mgr., á rétt á allt að 15 nauðsynlegum meðferðarskiptum á einu ári. Sjúkratryggður á einnig rétt á nauðsynlegri viðbótarþjálfun, sbr. 3. og 4. mgr., enda hafi Sjúkratryggingar Íslands samþykkt slíka meðferð.

Ef nauðsyn er talin vera fyrir fleiri skiptum en 15 á einu ári er Sjúkratryggingum Íslands heimilt, í eftirfarandi tilvikum samkvæmt umsókn, að ákvarða viðbótarþjálfun sem sjúkratryggingar taka til, í samræmi við vinnureglur sem stofnunin setur sér:

- Ef sjúkratryggður er með mjög skerta færni og áframhaldandi þjálfun er ótvírætt nauðsynleg.
- Ef sjúkratryggður er haldinn langvarandi sjúkdómi sem leitt getur til færniskerðingar sem áframhaldandi þjálfun getur að öllum líkindum seinkað eða komið í veg fyrir.
- Ef um er að ræða áframhaldandi þjálfun sem er þáttur í nauðsynlegri endurhæfingu í kjölfar veikinda, aðgerðar eða slyss.

4. Ef um er að ræða fjölþætt vandamál sem ekki falla undir lið 1-3 þar sem þjálfun er nauðsynlegur hluti af skipulögðu endurhæfingarferli.

Sækja skal um viðbótarþjálfun fyrir fram. Umsókn um viðbótarþjálfun skal vera á því formi sem Sjúkratryggingar Íslands ákveða. Stofnunin skal hafa tekið afstöðu til umsóknarinnar innan tveggja vikna frá því að hún, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum, er móttækin.

Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að samþykkja sjúkraþjálfun í heimahúsum ef sjúkratryggður einstaklingur er þannig líkamlega á sig kominn að hann kemst ekki í meðferð á sjúkraþjálfunarstofu. Sækja skal fyrir fram um greiðsluþátttöku til Sjúkratrygginga Íslands vegna þessarar meðferðar.

Heimilt er Sjúkratryggingum Íslands að samþykkja sjúkraþjálfun á hestbaki þegar um er að ræða skaða í miðtaugakerfi enda sé þjálfunin framkvæmd af sjúkraþjálfara sem hefur sérþekkingu á sjúkraþjálfun á hestbaki. Sækja skal fyrir fram um greiðsluþátttöku til Sjúkratrygginga Íslands vegna þessarar meðferðar

21. gr.

Greiðsluþátttaka sjúkratryggðs.

Greiðslur sjúkratryggðra einstaklinga fyrir þjálfun skv. 20. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 90% af umsömdu heildarverði, sbr. þó 3. gr.
2. Aldraðir og öryrkjar, 2/3 af því sem sjúkratryggðir greiða almennt, sbr. þó 3. gr.
3. Börn á aldrinum tveggja ára til og með 17 ára með tilvísun skv. 20. gr., ekkert gjald, annars 1/3 af því sem sjúkratryggðir greiða almennt fyrir komuna, sbr. þó 3. gr.
4. Börn yngri en tveggja ára og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Ef samið er um hærra heildarverð fyrir tilgreinda hópa sjúkratryggðra eða tilgreinda meðferð reiknast greiðsla sjúkratryggðra einstaklinga út frá heildarverði fyrir almennt umsamda þjálfunarmeðferð. Þetta á þó ekki við um sérstakt umsamið skoðunargjald, sérfræðiálág og sérstakt menntunarálag sjúkraþjálfara en í þeim tilvikum greiða sjúkratryggðir hlutfall af umsömdu verði.

Með fjölda skipta er átt við samanlagðan skiptafjölda sjúkratryggðs á ári í þjálfun.

Hver tvö skipti í hópmeðferð hjá þjálfara, sbr. 1. mgr., teljast svara til eins skiptis í annarri þjálfun við talningu af heimild. Það sama gildir um einfalda meðferð.

Fyrir heimameðferð sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt, sbr. 5. mgr. 20. gr., greiðir sjúkratryggður sama gjald og vegna sjúkraþjálfunar á stofu. Í sérstökum tilvikum, ef um mjög alvarlegt sjúkdómsástand eða mjög alvarlega fötlun er að ræða, er Sjúkratryggingum Íslands heimilt að samþykkja heimasjúkraþjálfun án greiðslu sjúkratryggðs.

Fyrir nauðsynlega þjálfun á hestbaki sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt, sbr. 6. mgr. 20. gr., greiðir sjúkratryggður sama gjald og vegna sjúkraþjálfunar á stofu.

22. gr.

Þjálfun á göngudeildum heilbrigðisstofnana.

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir þjálfun á göngudeildum heilbrigðisstofnana skulu fara eftir ákvæðum 21. gr.

23. gr.

Vottorð.

Sjúkratryggingar Íslands geta krafist vottorðs frá þjálfara eða lækni sjúklings um nauðsyn þjálfunar, einkum vegna þjálfunarmeðferðar umfram 15 skipti á ári og vegna annarrar langtíma meðferðar.

X. KAFLI

Meðferð húðsjúkdóma sem veitt er af öðrum en læknum.

24. gr.

Meðferð húðsjúkdóma.

Meðferð húðsjúkdóma, sem veitt er af öðrum heilbrigðisstarfsmönnum en læknum samkvæmt samningi, fellur undir greiðsluþátttöku sjúkratrygginga þegar um er að ræða nauðsynlega meðferð vegna húðsjúkdóma sem felst í B-geislum, B- og A-geislum, PUVA-meðferð eða margþættri húðmeðferð sem veitt er af öðrum en læknum samkvæmt fyrirmælum læknis.

25. gr.

Meðferðarstaður.

Meðferð húðsjúkdóma skal fara fram á starfsstöð rekstraraðila. Meðferð má einungis veita samkvæmt tilvísun læknis.

Meðferð skal veitt samkvæmt fyrirmælum læknis, sérfræðings í húðsjúkdómum, þar sem því verður við komið. Við meðferðina skulu starfa hjúkrunarfræðingar eða aðrir heilbrigðisstarfsmenn sem hafa nægilega kunnáttu til starfans.

26. gr.

Greiðsluþátttaka sjúkratryggðs.

Greiðslur sjúkratryggðra almennt fyrir meðferð skv. 1. og 3. gr. skulu vera sem hér segir:

- Fyrir meðferð sem felst í B-geislum og/eða B- og A-geislum, með eða án smyrsla: 90% af umsömdu heildarverði, sbr. þó 3. gr.
- Fyrir meðferð sem felst í PUVA-meðferð: 90% af umsömdu heildarverði, sbr. þó 3. gr.
- Fyrir margþætta húðmeðferð: sama gjald og tilgreint er í 1. tölul.

Greiðslur aldraðra og öryrkja skulu vera 2/3 af því sem sjúkratryggðir almennt greiða, sbr. þó 3. gr.

Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

XI. KAFLI

Þjónusta sjálfstætt starfandi sálfræðinga.

27. gr.

Sálfræðiþjónusta við börn.

Umsamin sálfræðiþjónusta við börn fellur undir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Að fyrir liggi tilvísun frá:
- heilsugæslustöð vegna gruns eða staðfestrar greiningar barna með kvíðaröskun eða þunglyndi,
 - þverfaglegu greiningarteymi heilbrigðisstarfsmanna sem starfar á vegum aðila sem er með samning við Sjúkratryggingar Íslands um tilvísanir eða barnageðlækni vegna gruns eða staðfestrar greiningar barna með alvarlegar geð-, hegðunar- og þroskaraskanir.
- Að leitað sé til samningsbundins sálfræðings sem uppfyllir hæfisskilyrði til að veita þá sálfræðiþjónustu sem kveðið er á um í tilvísun.

Í tilvísun skal tilgreina fjölda meðferðarskipta sem geta að hámarki orðið tíu í hverri meðferðarlotu, svo og gildistíma tilvísunar em er að hámarki sex mánuðir frá því að meðferð hefst. Hinn sjúkratryggði greiðir ekkert gjald fyrir tilvísun.

Hinn sjúkratryggði ákveður til hvaða sálfræðings er leitað af þeim sálfræðingum sem eru aðilar að rammisamningi Sjúkratrygginga Íslands um sálfræðiþjónustu. Tilvísandi veitir aðstoð við val á sálfræðingi ef hinn sjúkratryggði óskar efti því.

28. gr.

Sálfræðiþjónusta við fullorðna.

Umsamin sálfræðiþjónusta við fullorðna með kvíðaröskun eða þunglyndi, sem flokkast sem væg eða meðalþung tilvik, falla undir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands.

Forsenda fyrir meðferð er að fyrir liggi tilvísun frá heilsugæslustöð, sem er með samning við Sjúkratryggingar Íslands um tilvísanir, þar sem fram kemur grunur um eða staðfest tiltekin ICD-greining.

Í tilvísun skal tilgreina fjölda meðferðarskipta sem geta að hámarki orðið tólf í hverri meðferðarlotu, svo og gildistími tilvísunar sem er að hámarki sex mánuðir frá því að meðferð hefst.

Hinn sjúkratryggði ákveður til hvaða sálfræðings er leitað af þeim sálfræðingum sem eru aðilar að rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands um sálfræðiþjónustu. Tilvísandi veitir aðstoð við val á sálfræðingi ef hinn sjúkratryggði óskar eftir því.

29. gr.

Greiðsluþátttaka sjúkratryggðs í kostnaði vegna sálfræðiþjónustu.

Fyrir komu til sálfræðings sem er aðili að rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands um sálfræðiþjónustu greiða sjúkratryggðir sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir 18 ára og eldri greiða komugjald 500 kr.
2. Aldraðir og öryrkjar greiða ekkert gjald.
3. Börn greiða ekkert gjald.

Greiðslur samkvæmt þessari málsgrein falla ekki í afsláttarstofn, sbr. 5. gr.

30. gr.

Lok meðferðar.

Í lok meðferðarlotu skal sálfræðingur senda samantekt um árangur meðferðar til tilvísandi aðila, sbr. 27. gr. og 28. gr., þar sem fram komi stutt ágríp af innihaldi meðferðar og lýsing á árangri hennar á grundvelli markmiða samkvæmt tilvísun og mat á þörf fyrir frekari sálfræðimeðferð. Ef frekari meðferðar er þörf skal tiltaka í samantekt áætlaða meðferðarlengd.

Sé tilvísandi aðili annar en heilsugæslustöð skal jafnframt senda heimilislækni hins sjúkratryggða eða þeirri heilsugæslustöð sem hinn sjúkratryggði er skráður á samantekt skv. 1. mgr.

XII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

31. gr.

Reikningsupplýsingar.

Þegar reikningur er gerður til Sjúkratrygginga Íslands skal þjónustuveitandi draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu heildarverði. Ekki er gerður reikningur til Sjúkratrygginga Íslands vegna þjónustu sem veitt er á sjúkrahúsum eða á heilsugæslustöðvum nema sérstaklega hafi verið um það samið skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Reikningar skulu að öðru leyti uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Þeir skulu vera á því formi sem Sjúkratryggingar Íslands ákveða og getur stofnunin krafist þess að þeir berist á rafrænu formi.

32. gr.

Sérreglur fyrir líffæragjafa.

Þeir sem gefa líffæri eða fyrirhugað er að gefi líffæri eru undanþegnir öllum gjöldum samkvæmt reglugerð þessari vegna rannsókna og/eða meðferðar sem er í beinum tengslum við brottám líffæris eða fyrirhugað brottám líffæris.

33. gr.

Gjald fyrir sjúkraflutninga.

Fyrir sjúkraflutning á sjúkrahús/heilbrigðisstofnun og frá sjúkrahúsi/heilbrigðisstofnun skulu sjúkratryggðir greiða 9.871 kr.

34. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, sbr. 17. gr., 18. gr., 19. gr., 21. gr. og 22. gr. sömu laga, 8. gr. laga nr. 42/2007 um Heyrnar- og talmeínastöð og 37 38. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, öðlast gildi frá og með 1. janúar 2025. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1551/2023 um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

- Heilbrigðisráðuneytinu, 17. desember 2024. -

- Willum Þór Þórsson. -

- Sigurður Kári Árnason. -

FYLGISKJAL I

Fylgiskjal I.

Ákveðið heildarverð fyrir geisla- og myndgreiningar til viðmiðunar við útreikning á greiðsluhluta sjúklings fyrir komu á heilsugæslustöð og sjúkrahús þar sem ekki er um innlögn að ræða, ~~sbr. 2. og 4. mgr. 14~~ 17. gr. reglugerðar þessarar.

Flokkur	Verð kr.	Flokkur	Verð kr.
1. fl.	6.562	11. fl.	46.873
2. fl.	8.749	12. fl.	49.998
3. fl.	14.062	13. fl.	54.686
4. fl.	22.811	14. fl.	70.310
5. fl.	28.124	15. fl.	78.122
6. fl.	31.249	16. fl.	87.497
7. fl.	33.749	17. fl.	159.369
8. fl.	35.937	18. fl.	343.737
9. fl.	43.124	19. fl.	493.731
10. fl.	43.748	20. fl.	126.870

Verðflokkar í jáeindaskanna		Verð kr.	
21. fl.	701-70	268.740	860
21. fl.	701-71	291.552	933
21. fl.	701-72	302.489	968
21. fl.	701-73	291.552	933
21. fl.	701-74	302.489	968
21. fl.	701-75	291.552	933
21. fl.	701-76	302.489	968
21. fl.	704-70	455.920	1459

1. Einungis er gjaldfært fyrir einn flokk í hverri komu í flokkum 17–19 og er þá miðað við hæsta verðflokk þess sem gert er.
2. Gjaldfært er sérstaklega fyrir hjartagangráða, stent og regnhlífur, að öðru leyti eru einnota vörur innifaldar í verðskrá.
3. Við ómskoðun gildir einu hve mörg líffæri innan flokksins eru skoðuð, hámarksgreiðsla fyrir sjúklingakomu eru tveir flokkar.
- Ef rannsókn er í 8. flokki er það hámarksgreiðsla fyrir ómun.

V. fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein
1. Verðflokkur				21
1		301-00	Epipharynx	21
1		304-00	Mjúkpartar á hálsi/barka/skjaldkirtli	21
1		401-00	Munnvatnskirtlar	21
1		600-09	Rannsókn á sýni	21
1		601-00	Cranium	21
1		602-00	Sinuser	21
1		603-00	Andlitsbein/nefbein	21
1		608-00	Neðri kjálki/kjálkaliðir	21
1		609-00	Kjálkaliðir (bitrannsókn)	21
1		620-00	Sternum	21
1		621-00	Hálsiðir	21
1		622-00	Brjóstliðir	21
1		623-00	Lendarliðir	21

1		625-00	Sternoclavicularliðir	21
1		626-00	Mjaðmagrind	21
1		627-00	Sacroiliacaliðir	21
1		628-00	Spjaldbein/rófubein	21
1		631-00	Axlarl./viðbein/herðablað	21
1		632-00	Sérmynd af acromion, Bigliani	21
1		633-00	Upphandleggur	21
1		634-00	Olnbogi	21
1		636-00	Framhandleggur	21
1		637-00	Úlnliður	21
1		638-00	Hönd/fingur	21
1		639-00	Mjaðmarliðir	21
1		641-00	Lærleggur	21
1		642-00	Hnéliður	21
1		645-00	Fótleggur	21
1		646-00	Ökkli	21
1		648-00	Fótur/hæll/tær	21
2. Verðflokkur				28
2		320-00	Lungu	28
2		320-09	Lungu/rekkjumynd á röntgendeild	28
2		460-00	Kviðarhol, yfirlit	28
2		501-00	Þvagfærayfirlit	28
2		6xx-32	Bein og liðir álagsrannsóknir, liggjandi eða standandi	28
2		6xx-33	Bein og liðir - hornamæling	28
2		611-00	Orthopantomografia	28
2		617-00	Leguákvörðun aðskotahluts í auga	28
2		626-10	Mjaðmargrind - skyggnaðstoð	28
2		626-11	Mjaðmargrind rannsókn á skurðstofu	28
2		629-00	Hryggskekkjurannsókn	28
2		655-00	Lengdarákvörðun/horna- mæling á útlimum	28
3. Verðflokkur				45
3		199-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45
3		302-00	Talmeinafræðileg rannsókn	45
3		320-07	Lungu/rekkjumynd	45
3		399-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45
3		443-00	Anal fistulografia	45
3		499-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45
3		511-00	Retrograd pyelografia	45
3		512-00	Antegrad pyelografia	45
3		540-00	Grindarmál	45
3		599-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45
3		600-36	Fistulografia	45
3		607-00	Dakrocystografia	45

3		663-00	Röntgenmynd- brjóst/mammaografi	45
3		699-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45
3	I	91x-00	Ómun höfuðs og heila	45
3	I	912-07	Ómun heila mobil	45
3	I	912-11	Ómun heila á skurðstofu	45
3	II	92x-00	Ómun hjarta og brjóstholssæðar	45
3	III	93x-00	Ómun háls og brjósthol	45
3	IV	94x-00	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæra	45
3	IV	94x-07	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæra (mobil)	45
3	IV	94x-11	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæra á skurðstofu	45
3	V	95x-00	Ómun þvaggfæra, eistna og nýrnahetta	45
3	V	95x-07	Ómun þvaggfæra - mobil	45
3	V	95x-11	Ómun þvaggfæra á skurðstofu	45
3	VI	960-00	Ómun beina, liða, liðpófa	45
3	VI	961-00	Ómun mjúkparta á útlimum	45
3	VI	962-00	Ómun útlímaæðar	45
3	VI	963-00	Ómun mamme	45
3	VI	964-00	Ómun mjúkparta, aðrir	45
3	VII	97x-00	Ómun legs, eggjaleiðara, eggjastokka og fósturs	45
4. Verðflokkur				73
4		320-10	Lungu - skyggnaðstoð	73
4		420-00	Magi	73
4		430-00	Mjógirmi	73
4		450-00	Gallvegir um dren	73
4		453-00	Gallvegir í aðgerð	73
4		460-10	Kviðarhol, skygging	73
4		501-10	Þvaggfæri, skygging	73
4		486-00	Cavemografia	73
4		589-00	Bláæðarannsókn, aðrar æðar ótaldar	73
4		6xx-35	Skuggaefnisrannsókn á liðum - artrografia	73
4		600-10	Skygging	73
4		600-38	Rannsókn á líki	73
4		800-77	Plönun/eftirhleðslu	73
4		821-04	TS-hálshryggur með skuggaefni í mænugang (myelogr.)	73
4		822-04	TS-brjósthryggur m/skuggaefni í mænugangi (myelogr.)	73
4		823-04	TS-lendarhryggur með skuggaefni í mænugangi (myelogr.)	73
4	VIII	9xx-01	Ómun m/skuggaefni	73

4		8xx-00	TS-rannsókn án skuggaefnisgjafar	73
5. Verðflokkur				90
5	VIII	9xx-60	Æðaómskoðun án skuggaefnisgjafar/flæðis-rannsóknir - öðrum megin	90
6. Verðflokkur				100
6		402-00	Sialografía	100
6		410-00	Vélinda	100
6		431-00	Mjógimi I - tvíkontrast (sondupassage)	100
6		440-00	Ristill	100
6		441-00	Ristill - tvíkontrast	100
6		442-00	Defecografía	100
6		449-00	Herniografía	100
6		530-00	Urethrocystografía	100
6		531-00	Mictionsurethro-cystografía	100
6		533-00	Vesiculografía	100
6		534-00	Rannsókn á Brickersblöðru (loopografía)	100
6		560-00	Hysterosalpingografía	100
6		664-00	Ductografía/Galactografía	100
6		686-00	Ganglimsphlebografía	100
7. Verðflokkur				108
7		8xx-01	TS-rannsókn með skuggaefnisgjöf	108
7		869-33	Tölvusneið - mjaðmargrind + hornamæling	108
7		870-33	TS-fótleggur + hornamæling	108
7		895-00	TS-dental einföld vegna titanium implantationar	108
8. Verðflokkur				115
8		510-00	Þvagfærarannsókn með skuggaefni, urografía	115
8		131-00	Lumbal myelografía	115
8		132-00	Thoracal/Cervical/Total myelografía	115
8		304-05	Mjúkpartar á hálsi m/ ástungu	115
8		320-05	Lungu - ástunga/sýnistaka	115
8		350-00	Bronchografía	115
8		450-50	Gallvegir, skipt um slöngu	115
8		460-05	Kviðarhol, yfirlit m/ástungu	115
8		463-00	Ductografía choled. (ERC)	115
8		464-00	Ductografía pancreas (ERP)	115
8		590-50	Skipt um nefrostomiuslöngu	115
8		663-02	Röntgenmynd með skuggaefni	115
8		663-05	Ástunga með Röntgenmynd	115
8		685-00	Bláæðarannsókn á handlegg	115
8		688-00	Lymfografía	115

8		6xx-05	Ástunga/sýnataka	115
8	VIII	9xx-05	Ástunga eða sýnistaka	115
9. Verðflokkur				138
9		8xx-02	TS-rannsókn án og með skuggaefni/fjölfasa	138
9		896-00	TS-dental tvöföld vegna titanium implantationar	138
10. Verðflokkur				140
10		320-06	Lungu - ástunga/dren	140
10		460-06	Kviðarhol - ástunga/dren	140
10		6xx-06	Ástunga/dren	140
10	VIII	9xx-06	Ómstýrð ástunga/dren	140
11. Verðflokkur				150
11		Mxx-00	Segulómrannsóknir án skuggaefnisgjafar	150
11		Mxx-60	Segulómun - æðaskoðun án skuggaefnisgjafar	150
12. Verðflokkur				160
12	VIII	9xx-62	Æðaómskoðun án skuggaefnisgjafar/flæðis-rannsóknir - báðum megin	160
13. Verðflokkur				175
13		725-00	Ísotóparannsókn heilaskann	175
13		734-03	Ísotóparannsókn beinayfirlit - SPECT	175
13		783-00	Æviskeið rauðra blóðkorna (red cell survival, RCS)	175
13		784-03	Ísotóparannsókn lifur/milta (SPECT)	175
13		715-00	Nýrnabarkar og safnkerfisskann (gluco eða dtra/dmsa)	175
13		720-00	Nýrnasafnkerfisskann (dpt. hippuran)	175
13		721-00	Nýru, Króm-EDTA-clearance (51-CR)	175
13		734-00	Ísotóparannsókn beinayfirlit	175
13		735-00	Ísotóparannsókn lungu	175
13		736-00	Lungu (loftvegir)	175
13		740-00	Ísotóparannsókn	175
13		741-00	Hjartavöðvaskann (thallium) (einungis í hvíld)	175
13		743-00	Ísotóparannsókn myocardium	175
13		750-00	Nýrnabarkarskann (dmsa)	175
13		755-00	Ísotóparannsókn thyroidea	175
13		762-00	Blóðrúmmál (rauð blóðkorn, 51-Cr)	175
13		763-00	Thrombosugreining (isotopaflebografia)	175
13		766-00	Eistnaskann	175
13		773-00	Ísotóparannsókn gallvegir (HIDA)	175

13		784-00	Ísotóparannsókn lifur/milta	175
13		787-00	Maga-vélinda refluxskann	175
13		788-00	Ísotóparannsókn magatæming patológískt	175
13		789-00	Magatæming (föst fæða)	175
13		791-00	Meltingarfærablæðingarskann með sulfur colloid	175
13		792-00	Meckelscann	175
13		793-00	Ísotópacystografia (MUCG)	175
13		711-00	Ofstarfsemi skjaldkirtils meðferð með I31-I	175
13		785-00	Schillingspróf I	175
13		786-00	Schillingspróf II	175
13		778-00	Beinaskann 3 fasa	175
14. Verðflokkur				225
14		8xx-61	Tölvusneiðmyndir - æða-skoðun	225
14	VIII	9xx-61	Æðaómskoðun með skuggaefnisgjöf/flæðis-rannsókn	225
15. Verðflokkur				250
15		704-00	Shuntfunction (ventriculo peritoneal eða önnur)	250
15		709-00	Skjaldkirtilsupptaka og scan	250
15		710-00	Skjalkirtilskrabbamein, meðferð með I31-I	250
15		718-00	Ísotóp-lifur og lifrablóðflæði	250
15		726-00	Cisternografia	250
15		728-00	Mænuvökvaleki	250
15		737-00	Hjartaskann (muga) (blood pool) án álags	250
15		742-00	Hjartavöðvaskann (thallium) með álagi	250
15		744-00	Ísotóparannsókn liðir	250
15		745-00	Liðbólga, meðferð með 90-Y	250
15		747-00	Bris	250
15		748-00	MIBG (pheochromocytoma o.fl.) með I31-I	250
15		754-00	Ísotóparannsókn heila með Ceretec	250
15		756-00	Parathyroid kirtlar	250
15		757-00	Nýrnaheittur	250
15		761-00	Ísotóparannsókn beinmergur	250
15		765-00	Lymfueitlar	250
15		767-00	Æxlisskann með gallium eða jöð I31	250
15		768-00	Nýrnaskann með lasix	250
15		774-00	Gallvegir með Kinevac eða eftir fitumáltíð	250

			um (SeHCAT, 75-Se)	250
15		776-00	Beinaskönnun, þrífasa + tvífasa (liðir)	250
15		777-00	Beinaskönnun, tvífasa	250
15		781-00	Polycytaemia vera, meðferð	250
15		782-00	Æviskeið rauðra blóðkorna	250
15		790-00	Meltingarfærablæðingarskann með rauðum blóðkornum	250
15		795-00	Æxlisskann með monoclonal antibodies	250
15		796-00	Sýkingarskann með merktum hvítum blóðkornum	250
15		797-00	Sýkingarskann með gallium	250
15		798-00	Skjaldkirtskrabbamein, meinvarpaleið 131-I	250
16. Verðflokkur				280
16		Mxx-01	Segulómrannsóknir án og með skuggaefnisgjöf	280
16		Mxx-61	Segulómun - æðaskoðun með skuggaefnisgjöf	280
17. Verðflokkur				510
17		170-00	Carotis angiografia	510
17		171-00	Carotis interna angiografia	510
17		172-00	Sérþræðing á carotis externa ang.	510
17		173-00	Arteriografia aa. vertebr.	510
17		174-00	Aorta-cervical angiografia	510
17		175-00	Superselectiv angiografia	510
17		176-00	Spinal angiografia	510
17		180-00	Orbital flebografia	510
17		181-00	Jugularis flebografia	510
17		182-00	Spinal flebografia	510
17		195-00	Deyfing á ganglion semilunare (Gasseri)	510
17		372-00	Thoracal aortografia	510
17		376-00	Æðarannsókn háslíffæra (t.d. skjaldkirtils)	510
17		377-00	Þræðing á bronchial æðum	510
17		382-00	Skuggaefnisinnþæling í lungnaslagæð	510
17		383-00	Thoracal cavografia	510
17		395-00	Non-invasiv raflífeðlisfræðileg rannsókn	510
17		410-40	Vélinda - útvíkkun	510
17		440-40	Ristill - útvíkkun	510
17		470-00	Kviðarholsæðar - innþæling í aorta	510
17		471-00	Kviðarholsæðar, sérþræðing	510
17		480-00	Cavografia inf. með v.iliaca	510
17		498-00	Víkkun þrengsla í vélinda	510
17		570-00	Æðarannsókn á æðum í	

			mjaðmargrind	510
17		571-00	Sérþr. í æðar grindarholslíffæra	510
17		573-00	Renal aortagrafia	510
17		574-00	Nephroangiografia	510
17		576-00	Nýrnahettuslagæðar, sérþræðing	510
17		577-00	Sérþræðing í Art. testicularis/ovarica	510
17		578-00	Slagæðarannsókn á ígræddu nýra	510
17		579-00	Æðarannsókn, aðrar æðar ótaldar	510
17		580-00	Flebografi á renalis	510
17		581-00	Nýrnabláæðar, sérþræðing og blóðsýni tekin	510
17		582-00	Flebografia af gl. supraren.	510
17		584-00	Sérþræðing í vena spermatica	510
17		584-43	Lokun á vena spermatica (embolisation)	510
17		585-00	Bláæðarannsókn grindarholslíffæra	510
17		590-00	Ástunga á nýrnaskjóðu (percutan nefropyelostom)	510
17		592-53	Stungið á blöðru í nýra (cystupunction) - stent	510
17		593-00	Stungið á blöðru í nýra (cystupunction)	510
17		675-00	Slagæðarannsókn á handlegg	510
17		676-00	Ganglimsangiografia	510
17		677-00	Aorto-femoral angiografia	510
17		679-00	Rannsókn annarra slagæða	510
17		729-00	Basal ganglia (BETA-CIT-123-I)	510
17		8xx-05	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga sýnistaka	510
17		8xx-06	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga/dren	510
17		Mxx-05	Segulómstýrð ástunga/sýnataka	510
17		Mxx-06	Segulómstýrð ástunga/dren	510
18. Verðflokkur				1100
18		746-00	MIBG (pheochromocytoma o.fl.) með 123-I	1100
18		780-00	Æxliskönnun (Octreotide, 111-In)	1100
19. Verðflokkur				1580
19		758-00	Beinameinvörp, meðferð með 89-Sr (Metastron)	1580
20. Verðflokkur				406
20		965-05	Sagnálarsýnistaka með aðstoð ómunar	406
21. Verðflokkur				

21		701-71	FDG-JS með TS - háls thorax kviður - án skuggaefnis	933
21		701-72	FDG - JS með TS - háls thorax kviður - með skuggaefni	968
21		701-73	FDG - JS með TS - háls thorax kviður neðri útlímur - án skuggaefnis	933
21		701-74	FDG - JS með TS - háls thorax kviður neðri útlímur - með skuggaefni	968
21		701-75	FDG - JS með TS - höfuð og háls - án skuggaefnis	933
21		701-76	FDG - JS með TS - höfuð og háls - með skuggaefni	968
21		704-70	Flumetamol - JS	1,459

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.